

Efni: Mannvirki sem skylt er að váttryggja hjá NTÍ.

Samkvæmt lögum nr. 55/1992 og nánar er tilgreint í reglugerð nr. 642/2017 um NTÍ, er skylt að váttryggja eftirtalin mannvirki:

- Hitaveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
- Vatnsveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
- Fráveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
- Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
- Brýr, 50 m eða lengri, hvort sem þær eru í eigu sveitarfélags, ríkissjóðs eða einkaeigu.
- Raforkuvirki, þ.m.t. dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
- Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
- Skíðalyftur, hvort sem þær eru í opinberri eigu eða einkaeigu.

Váttryggingarskyldan nær einnig til mannvirkja sem eru í eigu félags sem er í meirihluta eigu sveitarfélags eða ríkissjóðs, þar með talin opinber hlutafélög.

Eigendur mannvirkja skulu senda NTÍ sundurliðaðar upplýsingar um enduröflunarverð nýrra mannvirkja, sem og breytingar á eldri mannvirkjum, fyrir 1. mars 2019 og nota til þess excel-skjal sem er í viðhengi með þessum pósti. Enduröflunarverð skal miðast við nýbyggingarkostnað og taka tillit til nýjust tækniþekkingar, verkþekkingar og efniskostnaðar. Verðlag miðast við 1. janúar 2019.

Eigandi ber ábyrgð á því að enduröflunarverð mannvirkis sé rétt á hverjum tíma. Ef engar upplýsingar berast frá eiganda um breytingar á enduröflunarverði mannvirkja, sem nú eru váttryggð hjá NTÍ, verður enduröflunarverðið framreiknað miðað við byggingarvísitölu.

Enduröflunarverðið er váttryggingafjárhæð mannvirkisins og gildistími váttryggingaskírteina er frá 1. apríl 2019 til 31. mars 2020.

Nánari upplýsingar um hvað tilheyrir ofangreindum mannvirkjum og um enduröflunarverð er að finna í 4. og 6. grein [reglugerðar 642/2017 um NTÍ](#). Ýmsar upplýsingar um NTÍ er að finna á [nti.is](#).

Starfsmenn NTÍ eru reiðubúnir að leiðbeina eigendum eins og kostur er við að skrá og/eða uppfæra enduröflunarverð mannvirkja. Tengiliður vegna opinberra mannvirkja hjá NTÍ er Jónína Pálsdóttir, jonina@nti.is, sími 575 3300.

Með vinsemd og virðingu
Jónína Pálsdóttir